Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík.

Skagafirði, 19.01.2018
Málsnr. 1712159/1712160

Efni: Umsögn Sveitarfélagsins Skagafjarðar um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir þskj. 26-26. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þskj. 27-27. mál.

Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir sbr. þskj. 26-26. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. þskj. 27-27.mál., var tekið til umfjöllunar á 811. fundi Byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar 19.janúar 2018.

Almenn álit.
Þessi tvö frumvörp þarf að skoða í samhengi og eru að mestu samhljóða tveimur frumvörpum sem lögð voru fram á síðasta þingi og náðst hafði nokkur sátt um milli fulltrúa hagsmunasamtaka, fulltrúa sveitarfélaga og ríkis. Þegar málið er lagt fram nú á nýju þingi hafa ráðuneyti vikið frá þeirri sátt í nokkrum atriðum sem sum varða fámenn og dreifbýl sveitarfélög eins og Sveitarfélagið Skagafjörð meira en önnur.

Byggðarráð styður algjörlega framkomnar umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið og leggur jafnhliða áherslu á eftirtalin atriði einstakra greina.

e.(29 gr.) **Akstursþjónusta.** Breytingar á skilgreiningu réttar til akstursþjónustu mun gjörbreyta forsendum akstursþjónustunnar frá því sem nú er. Fyrirsjáanlegt er að hún muni stóraukast án þess að fjármagn fylgi þeirri breytingu. Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar vill að þessar breytingar verði kostnaðarmetnar áður en þær verða lögfestar.

11.gr. **NPA**. Tryggja verður að nægilegt fjármagn fylgi löggildingu NPA og innleiðing verður að vera í takt við það fjármagn sem ríkið leggur til málaflokksins. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur á öllum stigum lagt áherslu á aukningu í kostnaðarþátttöku ríkisins í NPA samningum úr 25% í 30 % og tekur Byggðarráð undir þær kröfur.

16. gr. **Frístundaþjónusta.** Hér er um að ræða nýmæli sem hefur ekki áður verið lögbundið verkefni sveitarfélaga sem er að bjóða fötluðum börnum og ungmennum í grunn- og framhaldsskóla upp á sértæka frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra líkur. Fram að þessu hefur verið í gildi samkomulag um að ríki og sveitarfélög bæru til helminga kostnað við verkefnið á reynslutíma þess. Byggðarráð bendir á að fjármagn vanti til þess að eðlilegri helmingshlutdeild ríkisins sé náð. Um er að ræða aukin kostnað fyrir sveitarfélög ef ekki kemur til aukið fjármagn frá ríkinu.

Félagsþjónusta. Reynslan við yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaga sýnir að styrkja þarf farveg fyrir úrlausn mála sem snúa að kostnaðarmati og þeim ágreiningi sem upp kemur á milli ríkis og sveitarfélaga. Byggðarráð tekur undir tillögu sambandsins um að sett verði lagastoð undir starf nefndar sem ætlað er að fylgjast með áhrifum væntanlegra lagabreytinga á fjárhag og stjórnsýslu sveitarfélaganna.

Fjöldi einstaklinga á landsvísu með töluverðar þjónustuþarfir hefur aukist mikið frá yfirfærslu málaflokksins en fjárveitingar til Jöfnunarsjóðs ekki fylgt þeirri þróun þó tekin hafa verið skref í þá átt. Til að mæta þessu hefur verið lagt til að skilgreining Jöfnunarsjóðs í útreikningi jöfnunarframlaga verði breytt á þann hátt að 4 flokkur SIS mats falli út og þjónusta við þann hóp verði alfarið á ábyrgð almennrar félagsþjónustu sveitarfélaganna. Þetta mun líklega auka skyldur sveitarfélaga innan almennu félagsþjónustunnar og getur haft töluverða kostnaðaraukningu í för með sér. Jafnhliða hefur það þau áhrif að það verður aukið fjármagn til þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Byggðarráð vill koma því á framfæri að þess verði gætt að fullt samhengi verði á milli gildissviðs nýrra laga og reglna um úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og bendir einnig á að aukin ábyrgð á þjónustu sem lögð er á sveitarfélögin í frumvarpsdrögunum hefur kostnaðaraukningu í för með sér.

Virðingarfyllst

Skagafjörður

Ásta Pálmadóttir, sveitarstjóri